



Uppsetning kennslurýmis - matreiðsla



Vinnusvæði 1: Þátttakendur setjast við borð sem merkt er með táknmynd fyrir fyrsta dagskrárlið. Gert er ráð fyrir sæti fyrir aðstoðarmenn og kennara við borðið.

Á borðinu er **dagskrá tímans útprentuð**, **penni** sem þátttakandi notar til að skrifa inn á dagskrána og **feitur tússpenni** sem þátttakandi notar til að strika yfir dagskrárliði eftir því sem þeir klárast. Þar eru einnig möppur með þeim uppskriftum sem notaðar eru í tímanum. Hér er farið yfir dagskrána og uppskriftirnar skoðaðar.




Vinnusvæði 2: Þátttakendur búa til mat á tveimur svæðum. Á öðru svæðinu er bakað og á hinu er eldaður matur.

Bæði svæðin eru með miða eins og á töflunni þeirra þar sem stendur: Búa til mat.




Vinnusvæði 3: Á hliðinni á uppþvottavélinni er merki um að ganga frá úr uppþvottavélinni.



Vinnusvæði 4: Við matarborðið er næsta svæði. Verkefnum þar er skipt upp og nemendur geta unnið þau saman.





Vinnusvæði 5: Svæðið að ganga frá er nálægt vaskinum. Verkefnin þar eru einnig þrjú. Fyrri tvö, að taka af borðinu og setja í uppþvottavélina og þurrka af borðum, vinna þáttakendur saman. Að lokum fara allir úr svuntum.



Myndræmt skipulag í eldhúsi: Allir hlutir eiga sinn ákveðna stað sem merktur er með mynd.

Í skúffum fyrir áhöld og hnífapör eru myndir framan á og inni í skúffunum.



Hveiti, sykur og annað er í dollum sem eru merktar með myndum. Eins mynd er síðan á þeim stað sem dollan á að vera.

Sjá myndir.

